



Starfshópur um starfsumhverfi og starfsaðstæður í leikskólum í Kópavogi

Inngangur

Bæjarstjórn Kópavogs samþykkti á fundi sínum þann 13. desember 2022 stofnun starfshóps um skipulag og starfsumhverfi leikskóla Kópavogs. Starfshópurinn var skipaður um afmarkað verkefni, að leggja fram tillögur að breytingum á skipulagi leikskólastarfs í Kópavogi með það að markmiði að bæta stöðugleika og starfsumhverfi í leikskólum. Samkvæmt erindisbréfi hafði starfshópurinn það hlutverk að:

- Greina núverandi stöðu leikskólastarfs m.t.t. gæða faglegs starfs, starfsánægju og stöðugleika í starfsumhverfi bæði barna og starfsfólks.
- Meta mögulegar leiðir til breytinga á núverandi skipulagi leikskólastarfs með það að leiðarljósi að styrkja til framtíðar faglegt og árangursríkt leikskólastarf og uppbyggjandi starfsumhverfi, m.a. í þeim tilgangi að laða að starfsfólk í leikskóla Kópavogs, jafnt faglært sem ófaglært, og draga úr starfsmannaveltu.
- Útfæra og sammælast um tillögur sem lagðar verða fyrir leikskólanefnd og Bæjarráð Kópavogs.

Starfshópurinn var skipaður 13 fulltrúum starfsfólks leikskóla, foreldra, fulltrúa stéttarfélaga, starfsfólks menntasviðs og kjörinna fulltrúa. Fulltrúar leikskóla og foreldra voru valdir með rafrænni kosningu innan hvers hóps hagaðila. Starfsmenn starfshóps voru María Kristín Gylfadóttir verkefnastjóri og Vigdís Guðmundsdóttir leikskólaráðgjafi.

Fulltrúar í starfshópi:

- Matthías Imsland, formaður leikskólanefndar og formaður starfshóps
- Haraldur Gíslason, formaður Félags leikskólakennara
- Sigurður Sigurjónsson, formaður Félags stjórnenda leikskóla
- Marta Ólöf Jónsdóttir, formaður Starfsmannafélags Kópavogs
- Hreiðar Oddson, fulltrúi minnihluta í bæjarstjórn
- Andri Steinn Hilmarsson, fulltrúi meirihluta í bæjarstjórn
- Birna Hrund Jónsdóttir, fulltrúi foreldra í foreldraráðum leikskóla
- Anna Gyða Sveinsdóttir, fulltrúi starfsfólks leikskóla í Starfsmannafélagi Kópavogs
- Gunnhildur Elva Árnadóttir, fulltrúi starfsfólks leikskóla í Félagi leikskólakennara og BHM
- Gerður Magnúsdóttir, fulltrúi stjórnenda í leikskólum Kópavogs
- Sóley Gyða Jörundsdóttir, fulltrúi stjórnenda í leikskólum Kópavogs
- Anna Birna Snæbjörnsdóttir, sviðsstjóri menntasviðs Kópavogs
- Sigurlaug Bjarnadóttir, deildarstjóri leikskóladeildar Kópavogs

Undirbúningur fyrir vinnu starfshóps fór fram í janúar 2023 og fyrsti fundur starfshóps var haldinn þann 3. febrúar 2023. Alls voru haldnir 8 fundir í starfshópi sem starfaði fram í byrjun júní 2023. Samráð var einnig haft við helstu hagaðila sbr. eftirfarandi til að ná fram sjónarmiðum sem flestra á meðan á vinnu hópsins stóð:



Starfsfólk leikskóla

- Þrír fulltrúar starfsfólks úr 21 leikskóla í Kópavogi voru valdir til að taka þátt í samráði og kortlagningu á stöðu leikskólamála (einn stjórnandi, einn leikskólakennari og einn leiðbeinandi úr hverjum leikskóla). Vinnufundur með samráðshópi leikskóla var haldinn 8. febrúar 2023. Þar var þátttakendum skipt upp í umræðuhópa til að draga fram áskoranir í starfi leikskóla og tækifæri til lausnar. Á seinni fundi samráðshóps þann 26. maí voru tillögur starfshóps ræddar.

Foreldrar

- Haldinn var fundur með fulltrúum foreldra í foreldraráðum leikskóla 1. mars 2023. Efni fundar var kynning á stöðu leikskólamála í Kópavogi og var foreldrum skipt í umræðuhópa til skipulagðs samráðs. Mæting á fundinn var nokkuð góð eða 24 foreldrar frá 11 leikskólum af 21. Annar samráðsfundur var haldinn 24. maí þar sem farið var yfir tillögur starfshóps og þær ræddar. Á þann fund mættu 16 foreldrar frá 13 leikskólum.

Leikskólanefnd

- Þrír fundir voru haldnir með leikskólanefnd, 16. febrúar, 13. apríl og 16. maí 2023. Einn hugarflugsfundur um framtíðarsýn leikskóla í Kópavogi og tveir fundir til kynningar og samráðs um helstu tillögur starfshóps eftir því sem þær þróuðust.

Leikskólastjórar

- Þrír fundir voru haldnir með leikskólastjórum, 7. mars, 24. apríl og 16. maí 2023, til upplýsinga um vinnu starfshóps og samráðs um tillöguhópsins.

Starfshópurinn rýndi upplýsingar og gögn sem aflað var í gegnum ofangreint samráð, sem og af sérfræðingum menntasviðs, og byggir tillögur sínar m.a. á þeim. Tillögur starfshópsins eru fjölbreyttar og hafa það allar að markmiði að styrkja starfsumhverfi og innviði leikskólastigsins og styrkja ímynd leikskólans.

Staða leikskólamála

Leikskólastigið er fyrsta skólastigið og stuðlar að menntun barna í gegnum leik með velferð þeirra, þroska og öryggi að leiðarljósi. Við undirbúning að gerð tillagna horfði starfshópur sérstaklega til þess að finna varanlega lausn á þeim vanda sem leikskólastigið stendur frammi fyrir, sem felst m.a. í viðvarandi álagi á starfsfólk og hárri veikindatíðni, skorti á nýliðun leikskólakennara og vöntun á starfsfólki almennt ásamt löngum dvalartíma barna.

Kjarni þess vanda sem leikskólastigið stendur frammi fyrir er margþættur:

Hlutfall leikskólakennara

Hlutfall leikskólakennara er alltof lágt í flestum leikskólum og langt frá því hlutfalli sem kveðið er á um í lögum um leikskóla (67%). Nýliðun í leikskólakennaranámið er nær einvörðungu úr leikskólunum og á grundvelli námsstyrkja frá sveitarfélögum, þ.e. nemendur í leikskólakennarafræðum eru langflestir nú þegar starfsmenn leikskóla. Afar fátítt er að ungt fólk velji leikskólakennaramenntun að loknu stúdentsprófi. Til framtíðar litið er þessi þróun mjög alvarleg og ber vott um skort á virðingu fyrir starfsemi leikskóla og mikilvægu hlutverki þeirra sem fyrsta skólastigsins.

Í leikskólum Kópavogs er hlutfall leikskólakennara með leyfisbréf 32,4%, sem er hærra en í mörgum nágrannasveitarfélögum en þó of lágt. Sé tekið tillit til þeirra sem hafa lokið leikskólakennaramenntun og starfa í leikskóla án leyfisbréfs hækkar hlutfallið í 37,4% í Kópavogi. Skólaárið 2022-2023 eru 30 starfsmenn í leikskólum í Kópavogi í leikskólakennarafræðum og 6 í meistaranámi í leikskólafræðum



ofan á aðra háskólagráðu á námsstyrkjum. Níu leikskólakennarar útskrifast árið 2023 en frá árinu 2014 hafa 50 starfsmenn útskrifast sem leikskólakennarar.

Vinnutímastytting, undirbúningstímar kennara og orlofsréttur

Á síðustu árum hafa sömuleiðis orðið grundvallarbreytingar í starfsumhverfi leikskóla vegna nýrra ákvæða í kjarasamningum:

- Fyrst ber að telja framkvæmd **vinnutímastyttingar** í leikskólum sem tók gildi 1. janúar 2021. Samkvæmt ákvæðum kjarasamnings átti að framkvæma vinnutímastyttingu án aukins kostnaðar og er því ekki gert ráð fyrir afleysingu vegna vinnutímastyttingar. Sveitarfélögum ber samkvæmt kjarasamningum að útfæra vinnutímastyttingu í nánú samráði við starfsfólk, sem kys jafnframt innan hvers vinnustaðar um endanlega útfærslu. Í flestum leikskólum Kópavogs hefur starfsfólk kosið fulla styttingu, 4 klukkustundir á viku á starfsmann, sem hefur víða reynst erfitt að útfæra í skipulagi dagsins þegar veikindi í starfsmannahópnum bætast við er illgerlegt að halda úti eðlilegu starfi í leikskólunum. Til að gefa nánari mynd af áhrifum vinnutímastyttingar samsvarar hún þremur stöðugildum á viku (10% af heildarvinnutíma starfsfólks) á meðalstórum leikskóla með 96 börn, 5 deildir og 30 stöðugildi.
- Í öðru lagi fjölgaði vikulegum **undirbúningstímum** leikskólakennara úr 4 í 7, deildarstjóra úr 5 í 10 og háskólamenntaðra starfsmanna úr 2 í 4 í kjarasamningi árið 2020. Leikskólar fá úthlutað afleysingu til að uppfylla kröfur kjarasamninga um undirbúningstíma sem þýðir aukna mönnunarþörf á tímum þegar mönnun leikskóla er almennt erfið. Þegar veikindatíðni er há þarf ítrekað að greiða leikskólakennurum yfirvinnu til að geta sinnt undirbúningi utan vinnutíma.
- Í þriðja lagi var **orlofsréttur** hækkaður í 30 daga á ári fyrir alla starfsmenn sem getur verið erfitt að skapa svigrúm fyrir ofan á annað.

Ásókn í störf í leikskólum

Það sem hefur líklegast mest áhrif á starfsemi leikskóla er sú áskorun að umsóknir um störf í leikskólum eru fáar og því afar erfitt að manna laus störf. Þessi áskorun er til staðar í öllum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu og hefur verið viðvarandi árum saman. Kópavogsbær hefur á síðastliðnum árum kostað ýmsar aðgerðir til að laða nýtt fólk til starfa, viðhalda starfsfólki og skapa aukinn stöðugleika í starfseminni en vandinn er þó enn til staðar. Öllum ofangreindum breytingum í starfsemi leikskóla, vegna ákvæða í kjarasamningum, væri hægt að mæta ef eftirspurn væri meiri eftir störfum í leikskólum. Vegna mönnunarvanda eru um 100 laus rými í leikskólum Kópavogs í dag sem ekki hefur tekist að manna síðustu ár og því ekki hægt að úthluta.

Álag og hækkun veikindatíðni

Álag á starfsfólk í leikskólum er mikið og hefur farið vaxandi síðastliðin ár. Samkvæmt niðurstöðum Skólavogaráttarinnar meðal starfsfólks í leikskólum í Kópavogi (febrúar 2023) eru sterkar vísbendingar um að vinnuálag sé marktækt meira í Kópavogi en í samanburði við landið. Samkvæmt úttekt sem Reykjavíkurborg gerði 2018 meðal leikskólakennara töldu þeir starfsmannaveltu vera einn helsta álagsþátt starfsins. Viðvarandi álag á vinnustöðum skapar jafnframt viðvarandi streitu og víthring aukinna veikinda með tilheyrandi þjónustuskerðingum. Árið 2022 voru skammtímaveikindi starfsfólks í leikskólum Kópavogs á hvert stöðugildi samtals 39 dagar en voru 25 árið 2013, sem er aukning um 56% á 10 árum. Veikindi á hvern einstakan starfsmann voru sömuleiðis 32 árið 2022 en 20 árið 2013 sem er aukning um 60%.



Dvalartími barna í leikskólum

Skólaárið 2022-2023 eru 2025 börn skráð í leikskóla í Kópavogi. Meðaldvalartími barna í 21 leikskóla sveitarfélagsins er 8,10 klst. á dag sem gerir 40,5 klst. á viku. Meðaldvalartími hefur þróast hratt frá aldamótum. Lítil sem enginn munur er á dvalartíma elstu barna og þeirra yngstu sem er nokkurt áhyggjuefni enda um langan skóladag að ræða fyrir börn sem sum hver hafa vart náð tveggja ára aldri. 86% barna dvelja í 8 tíma eða lengur í leikskóla á dag, sbr. keyptan dvalartíma. Þetta hlutfall hefur ekki breyst neitt að ráði sl. ár sem þýðir að álag á starfsemi hefur aukist enn frekar ef horft er til breytinga á kjarasamningum, s.s. vinnutímastytting og undirbúningstímar, og erfiðleika varðandi mönnun. Aukið álag hefur einnig áhrif á börn, sem í sumum tilvikum fá færri tækifæri til náms og samveru með starfsfólki og upplifa óstöðugleika, s.s. í tengslum við ófyrirséðar lokanir.

Um tillögur starfshóps

Saman hafa þessar fjölþættu aðstæður skapað gríðarlegt álag á daglega starfsemi leikskóla í Kópavogi síðustu ár og viðvera starfsfólks með börnum stundum verið óásættanlega lítil. Álagið birtist m.a. í hækkun veikindatíðni (bæði skammtíma- og langtímaveikindi), aukinni starfsmannaveltu og fjölgun lokana á deildum einstaka leikskóla. Stjórnendur og starfsfólk leggja sig fram við að halda úti eins vönduðu faglegu starfi og kostur er við þessar aðstæður en það getur reynst afar erfitt.

Kortlagning starfshóps á núverandi stöðu innan leikskóla í Kópavogi og samráð við helstu hagaðila leikskólans endurspeglar þær aðstæður sem hér er lýst í leikskólum bæjarins.

Áherslur í tillögum starfshópsins miða að því að draga úr álagi í starfsumhverfi barna og starfsfólks, draga úr mönnunarþörf ásamt því að tryggja faglegt starf og fullnægjandi viðveru starfsfólks með börnum. Markmið starfshópsins með tillögugerðinni er fyrst og síðast að tryggja að velferð og vellíðan barna og starfsfólks sé höfð að leiðarljósi í allri stefnumörkun í málaflokknum. Leiðirnar að þessu markmiði eru m.a. eftirfarandi:

- Styttu dvalartíma barna
 - Draga úr álagssupplifun barna og starfsfólks
 - Skapa betra rými til náms og samveru barna og starfsfólks
 - Auðvelda útfærslu og framkvæmd vinnutímastyttingar starfsfólks
 - Draga úr veikindatíðni og fyrirbyggja lokanir
 - Skapa svigrúm fyrir starfsfólk til að sinna undirbúningi skólastarfs
- Styrkja starfsumhverfi, þjálfun og menntun starfsfólks
 - Laða að nýtt starfsfólk
 - Halda í núverandi starfsfólk

Tryggja þarf starfsfólki leikskóla viðeigandi bjargir til að tryggja öryggi og festu í námi barna og innleiða faglegar starfsaðferðir. Í því felst öryggi í starfsumhverfi, stöðugleiki í skólastarfinu og rými til að sinna undirbúningi og njóta leiðsagnar. Horft er til þess að búa börnum umhverfi og aðstæður sem veitir umhyggju, vellíðan og öryggi og tryggir börnum alhliða þroska. Umhverfi sem gefur þeim færi á að efla áhugahvöt og hæfni eins og frumkvæði, samkennd, félagsleg tengsl og að tjá upplifun og sjálfstæða hugsun.



Tillögur starfshóps

Gjaldfrjáls leikskóli í 6 tíma á dag

Lagt er til að leikskólar í Kópavogi bjóði upp á 6 klukkustunda gjaldfrjálsan leikskóla. Dvalargjald fellur niður ef dvalartímar eru 6 tímar eða færri á dag, en greitt er fæðisgjald í samræmi við gjaldskrá. Þá er lagt til að dvalargjöld hækki fyrir dvöl umfram 6 tíma og að hækkun fari stigvaxandi með auknum dvalartíma. Gert er ráð fyrir að breyting taki gildi 1. ágúst 2023.

Leikskólar í Kópavogi bjóða í dag upp á sveigjanlegan dvalartíma. Lagt er til að auka sveigjanleikann enn frekar í tengslum við innleiðingu breytingar. Þannig er gert ráð fyrir að forráðamenn geti keypt viðbótarklukkustundir fyrir börn sín einstaka daga innan mánaðar eftir aðstæðum í samráði við leikskólastjóra. Settar verði samræmdar reglur fyrir alla leikskóla um útfærslu fyrirkomulags.

Forsendur þess að ná fram sýn um framtíðarleikskóla með breytingunni er að stytting á dvalartíma barna raungerist. Í dag er dvalartími barna í leikskólum Kópavogs að meðaltali 8,1 klst. á dag og 86% barna dvelja í 8 klst. eða lengur.

Í dag er hlutfall foreldra í rekstri leikskóla rúmlega 12%. Tillaga að nýrri gjaldskrá frá 1. ágúst 2023 gerir ráð fyrir að hlutfall foreldra af rekstri leikskóla hækki í um 16%. Jafnframt verði stefnt að því að hækka hlutfall foreldra í rekstri leikskóla í u.þ.b. 20% á næstu tveimur árum. Gert verði ráð fyrir að eyrnamerkja auknar tekjur leikskólum í þeim tilgangi að bæta starfsumhverfi barna og starfsfólks og stuðla að festu í starfsmannahaldi.

Um áramót 2023/2024 verður metið hvort og hvaða áhrif hækkun gjaldskrár hefur haft á meðaldvalarlengd barna í leikskólum og í samræmi við niðurstöður verða teknar ákvarðanir um framhaldið með það að markmiði að aðgerðin skili tilætluðum árangri.

Rökstuðningur

- Kópavogur er barnvænt sveitarfélag og leitast ávallt við að hafa velferð barna að leiðarljósi í ákvörðunum sínum og stefnumörkun. Tillaga starfshóps um 6 tíma gjaldfrjálsan leikskóla byggir á þeirri sýn að velferð og vellíðan barna á leikskólaaldri sé best borgið með hæfilega löngum leikskóladegi. Starfsemi leikskólans verði aðlöguð þannig að skipulagt nám í leikskólastarfi fari fyrst og fremst fram á milli kl: 9:00-15:00 þó svo að faglegt starf og nám í gegnum leik verði ávallt í forgrunni á opnunartíma leikskóla.*
- Tillagan byggir á þeirri sýn að samfélagið og vinnumarkaðurinn sé smám saman að breytast á þann veg að foreldrar hafi aukinn sveigjanleika í starfi til að sækja börn í leikskóla fyrr á daginn, m.a. vegna aukinna möguleika til fjarvinnu á mörgum vinnustöðum.*
- Stytttri dvalartími barna gerir starfsfólki kleift að nýta undirbúningstíma og taka út vinnutímastyttingu á þeim tímum innan dagsins sem fæst börn eru í skólanum. Það eykur viðveru starfsfólks með börnum sem skapar meiri ró og stöðugleika í starfsumhverfi leikskólans og dregur úr álagsupplifun.*
- Minna álag á starfsfólk leikskóla leiðir af sér minni starfsmannaveltu og lækkun veikindatíðni sem skapar meiri festu í starfseminni (færri lokanir) ásamt því að gera starfsumhverfi leikskóla eftirsóknarverðara fyrir nýtt starfsfólk og skapar þannig aukin tækifæri til að laða fólk til starfa.*
- Minna álag á börn og starfsfólk skapar aukin lífsgæði með auknum tækifærum til samveru foreldra og barna.*
- Kópavogur er samfélag sem setur börn og lífsgæði þeirra í fyrsta sæti.*



Tekjutenging leikskólagjalda og systkinaafsláttur

Lagt er til að samhliða gildistöku nýrrar gjaldskrár verði teknir upp tekjutengdir afslættir (fæðisgjald greiðist sér).

Lagt er til að tekjutengdur afsláttur verði 40% og miðast við að heildartekjur heimilis séu 800.000 kr. eða lægri á mánuði. Miða skal við meðaltekjur samkvæmt staðgreiðsluskrá síðustu þriggja mánaða.

Lagt er til að núverandi afslættir fyrir einstæða, öryrkja og námsmenn haldist óbreyttir til áramóta 2023/2024 hjá þeim sem uppfylla ekki tekjuviðmið en falli svo niður. Tekjutengdur afsláttur kemur til viðbótar við aðra mögulega afslætti til áramóta en reiknast ekki ofan á aðra afslætti, utan systkinaafsláttar.

Systkinaafsláttur helst óbreyttur og er eini afslátturinn sem reiknast ofan á aðra afslætti.

Viðmið um tekjur og afsláttarprósentu og reglur um skráningu tekna verði gagnsæjar og birtar á heimasíðu Kópavogs.

Rökstuðningur:

- *Gjaldfrjáls leikskóli í 6 tíma á dag og breytingar á gjaldskrá leikskóla fyrir dvalartíma umfram 6 tíma kalla á endurskoðun á fyrirkomulagi núverandi afslátta af leikskólagjöldum fyrir skilgreinda hópa, s.s. þeir sem hafa tekjur undir ákveðnum viðmiðunarmörkum.*
- *Tryggja þarf að skilgreindir hópar njóti stuðnings í því miði að tryggja félagslegt og fjárhagslegt öryggi þeirra og tryggja jöfnuð milli barna um aðgengi að grunnþjónustu.*
- *Aðgengi allra barna verði tryggt að námi í leikskóla óháð félags- eða efnahagslegum bakgrunni foreldra.*
- *Aukinn jöfnuður á milli barna um aðgengi að þjónustu sem eykur þroska, félagsfærni og styður við uppeldi.*

Lokun leikskóla milli jóla og nýárs, í dymbilviku og í vetrarleyfum

Lagt til að leikskólum verði lokað milli jóla og nýárs, í dymbilviku og í vetrarleyfum (október og febrúar). Ópið verði í að minnsta kosti tveimur leikskólum í sveitarfélaginu fyrir þá foreldra sem ekki geta haft börn sín heima þá daga sem lokað er. Breytilegt verður í hvaða hverfum leikskólar verði opnir en miðað er við að opnun sé ávallt tryggð bæði í efri og neðri hverfum bæjarins. Mönnun verður skipulögð þannig að starfsfólk fylgir börnum úr viðkomandi leikskólum.

Leikskólastjórnendur og starfsfólk menntasviðs stýra fyrirkomulagi lokana og skráningu dvalar í nánu samstarfi. Foreldrar þurfa að skrá börn sín í leikskóladvöl með góðum fyrirvara. Leikskólagjöld verða felld niður hjá þeim sem ekki nýta þjónustu þá daga sem lokað er. Gert er ráð fyrir að allt starfsfólk leikskóla taki út hluta vinnutímastyttingar þá daga sem leikskólar eru lokaðir.

Starfsfólk leikskóla í Kópavogi hefur val um að kjósa um fulla styttingu vinnuvikunnar eða 36 stundir á viku og er kosið um það innan viðkomandi leikskóla. Stjórnendur og starfsfólk einstakra leikskóla stilli í sameiningu upp fjölbreyttum möguleikum á styttingu sem kosið verði um. Tillögur geta verið margþættar, allt frá daglegri styttingu til fullrar uppsöfnunar á styttingunni. Samþykkja þarf tillöguna af starfsfólki til að hún öðlist gildi.



Rökstuðningur:

- *Fjölbreyttar leiðir geta nýst leikskólum við upptöku betri vinnutíma. Sem dæmi getur það hentað að hluti starfsfólks sé í daglegri styttingu, hluti í vikulegri styttingu og hluti í árlegri uppsöfnun sem tekin er út og raðað á ákveðna daga yfir árið. Á það við hvort heldur um er að ræða lágmarksstyttingu (13 mín. á dag) eð þá styttingu sem kemur til þegar gefið er eftir forræði yfir hluta eða öllum kaffitímanum (allt að 35 mín. á dag). Með árlegri uppsöfnun er hægt að samræma betur starfs- og vinnutíma skólastiganna sem er mikilvægur þáttur í því að auka og halda jöfnu flæði á milli skólastiga sem er eitt af markmiðum laga nr. 95/2019 um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Starfsfólk tekur vinnutímastyttingu út að hluta þá daga sem leikskólarnir eru lokaðir. Breytilegt er á milli ára hversu stór hluti fullrar vinnutímastyttingar er tekinn í lokunum.*
- *Fyrirkomulagið styður við fullnægjandi mönnun, meiri festu í starfsmannahaldi og aukna viðveru með börnum á starfstíma leikskóla og dregur þannig úr álagi og veikindafjarvistum sem rekja má til áhrifa álagssupplifunar starfsfólks. Þannig má gera ráð fyrir að breytingin dragi úr líkum á lokunum í leikskólum vegna manneklu.*

Heimgreiðslur

Lagt er til að foreldrar geti sótt um heimgreiðslur vegna barna sem ekki eru í vistun í leikskóla eða hjá dagforeldri. Heimgreiðslur verði greiddar til foreldra barna frá 15 mánaða aldri og þar til þau komast inn í leikskóla eða í dvöl hjá dagforeldri en eigi lengur en til 30 mánaða aldurs.

Heimgreiðslur verða greiddar eftir á og verða fyrstu heimgreiðslur greiddar 1. október 2023 vegna septembermánaðar. Skilyrði fyrir heimgreiðslu er að barn sé með lögheimili í Kópavogi og sé ekki í vistun sem niðurgreidd er af sveitarfélaginu, svo sem í leikskóla í Kópavogi, leikskóla utan sveitarfélagsins, í sjálfstætt starfandi leikskóla eða í vistun hjá dagforeldri. Fyrirkomulag og fjárupphæðir greiðslna verði endurskoðað ef þörf krefur.

Rökstuðningur:

- *Heimgreiðslur draga úr álagi á leikskólakerfið í þeim skilningi að þær auðvelda foreldrum að vera lengur heima með börnum sínum og/eða skapa foreldrum aukið svigrúm til að útfæra önnur úrræði í samvinnu við aðra foreldra eða nána ættingja.*
- *Heimgreiðslur skapa aukið starfsöryggi fyrir dagforeldra í þeim skilningi að ef þeir hafa vissu fyrir því að sveitarfélagið innriti ekki börn yngri en tiltekinn aldur þá samþykkja þeir frekar vistun barna 12 mánaða og eldri. Dagforeldrar hafa í einhverjum tilfellum hafnað dvöl barna sem eru komin yfir ákveðinn aldur sökum þess hversu stutt er í að þau komist inn í leikskóla.*
- *Umönnunartímabilið, frá því að fæðingarorlofi lýkur og þar til barn fær vistun í leikskóla, er staðreynd. Leikskólaúrræði er ekki lögbundin skylda sveitarfélaga og innviðauppbýgging kostnaðarsöm og tímafrek.*
- *Við 15 mánaða aldur barna hækkar framlag Kópavogsbæjar með börnum hjá dagforeldrum samkvæmt núverandi reglum og eðlilegt að heimgreiðslur miðist við sama tíma.*

Áætlaður kostnaður:

- *Í fjárhagsáætlun 2023 var samþykkt að greiða heimgreiðslur frá hausti 2023, 19 mkr. áætlaðar.*
- *Mánaðarleg upphæð heimgreiðslu verði 107 þús. kr. í samræmi við framlög vegna dvalar barna 15 mánaða og eldri hjá dagforeldrum miðað við átta klst. dvöl.*



Afsláttur af leikskólagjöldum til starfsfólks leikskóla

Lagt er til að starfsfólk leikskóla Kópavogs geti sótt um afslátt af leikskólagjaldi til samræmis við tekjutengdan afslátt. Umsækjandi þarf að vera með sama lögheimili og barnið.

Rökstuðningur:

- *Reynsla annarra sveitarfélaga sýnir að afsláttur af leikskólagjöldum fyrir starfsfólk hafi góð áhrif til að laða að nýtt starfsfólk.*
- *Aukinn fjárhagslegur hvati og þægindi fyrir einstaklinga með lítil börn að vinna í leikskólum í Kópavogi.*

Húsumsjónarmaður leikskóla

Lagt er til að frá og með hausti 2023 verði ráðið í tvö stöðugildi húsumsjónarmanna, með viðeigandi reynslu og menntun til að aðstoða leikskólastjórnendur við ýmis konar viðvik varðandi viðhald og umsjón með húsnæði og lóð leikskóla í sveitarfélaginu.

Hlutverk húsumsjónarmanna og umfang starfsins verður metið eftir 12 mánuði og stöðugildum bætt við eða dregið úr eftir þörfum.

Rökstuðningur:

- *Leikskólastjórnendur bera ábyrgð á öllu sem snýr að viðhaldi og almennri húsumsjón í leikskólunum. Þetta eykur mjög álag á stjórnendur og starfsfólk almennt. Verkefnið er krefjandi fyrir stjórnendur sem hafa misgóða þekkingu á viðhaldi húseigna og skapar þeim mikla vinnu við eftirfylgni verka og framkvæmda í húsnæði leikskólanna sem húsumsjónarmenn eru betur til þess fallnir að sinna.*
- *Með tilkomu húsumsjónarmanna minnkar álag á stjórnendur og starfsfólk leikskóla sem fær þá aukið svigrúm til að einbeita sér að þeim verkefnum sem þau eru best í og menntuð til.*
- *Skilvirkari umsjón og eftirlit með leikskólahúsnæði og betri yfirsýn yfir viðhaldsþörf húsnæðis.*

Áætlaður kostnaður:

- 7 m.kr árið 2023, 18 m.kr. á ársgrundvelli

Viðmið um grunnmönnun (barngildi) á deildum elstu barna

Lagt er til að færa viðmið um grunnmönnun (barngildi) 5-6 ára barna úr 0.8 í 1. Breytingin hefur þau áhrif að átta 5 fimm ára börn verða á hvern starfsmann í stað tíu 5 ára börn á hvern starfsmann. Breytingin styrkir mönnun og dregur úr álagi á sama tíma en hefur ekki áhrif á heildarfjölda barna í leikskólum.

Gert er ráð fyrir að breytingin taki gildi 1. september 2023.

Jafnframt er lagt til að skoðað verði við gerð fjárhagsáætlunar fyrir 2024 að viðmið um grunnmönnun (barngildi) 4-5 ára barna hækki úr 1,0 í 1,1 haustið 2024.



Rökstuðningur:

- *Birtingarmynd álags er mikil starfsmannavelta og há veikindatíðni. Breyting viðmiða um grunnmönnun dregur úr álagsupplifun á börn og starfsfólk í leikskólum og styður við stöðugleika í starfsmannahaldi*
- *Fjölgun stöðugilda með elstu börnum eykur viðveru með börnum og svigrúm starfsfólks til að sinna enn betur fjölbreyttum þörfum barna. Fleiri tækifæri skapast sömuleiðis til að tryggja fjölbreytt og metnaðarfullt faglegt starf.*

Áætlaður kostnaður:

- *54 m.kr árið 2023*
- *Fjármagn vegna þessarar breytingar var samþykkt í fjárhagsáætlun 2023.*

Innritun

Lagt er til að núverandi reglur og verklag um innritun í leikskóla verði endurskoðaðar með hliðsjón af skýrari viðmiðum um aðgengi systkina að sama leikskóla.

Rökstuðningur:

- *Kópavogur er í fremstu röð sveitarfélaga á Íslandi í því að stuðla að barnvænu samfélagi. Reynt er að veita yngri systkinum vistun í sama leikskóla og eldri systkini sem stuðlar að hagræðingu fyrir foreldra og bættum lífsgæðum barna.*

Leik- og heildarrými barna

Lagt er til að unnin verði áætlun til framtíðar um viðmið um húsnæði (leik- og heildarrými) og aðbúnað barna og starfsfólks í leikskóla. Áætlun taki mið af mismunandi þörfum barna fyrir leik- og heildarrými eftir aldri, íbúabróun í hverfum, áætlun um uppbyggingu nýs leikskólahúsnæðis og um endurbætur og viðbyggingar núverandi húsnæðis. Áætlun verði tilbúin vor 2024 og geri ráð fyrir aðgerðum í skrefum til ársins 2030.

Rökstuðningur:

- *Starfshópur á vegum menntamálaráðuneytis um styrkingu leikskólastigsins setti fram árið 2021 tillögu um viðmið um fjölda fermetra í leikrými á hvert barn. Í tillögunum koma fram tilmæli til sveitarfélaga um að setja viðmið um húsnæði (leik- og heildarrými) og aðbúnað barna og starfsfólks.*

Stjórnunarhlutfall aðstoðarleikskólastjóra

Lagt er til að starfshlutfall stjórnunar hjá aðstoðarleikskólastjórum verði hækkað frá því sem nú er. Hlutfall stjórnunar aðstoðarleikskólastjóra í hverjum leikskóla verði ákveðið eftir umfangi starfsemi í samræmi við flokkun leikskóla eftir stærð (sjá töflu 1).

Aðstoðarleikskólastjórar beri ákveðna stjórnunarlega ábyrgð, svo sem á móttöku, þjálfun og leiðsögn nýs starfsfólks og nema, í samstarfi við leikskólastjóra, deildarstjóra og leiðsagnarkennara þar sem við á.



Tafla 1: Flokkar leikskóla eftir stærð

Leikskólar 3 með allt að 73 börn og 6 tíma á viku sem samsvarar 15% stjórnunarhlutfalli aðstoðarleikskólastjóra. Lagt er til að leikskólar 3 fái aukningu upp í 20 tíma á viku sem samsvarar 50% stjórnunarhlutfalli.
Leikskólar 4 með allt að 93 börn og 12 tíma á viku sem samsvarar 30% stjórnunarhlutfalli aðstoðarleikskólastjóra. Lagt er til að leikskólar 4 fái aukningu upp í 26 tíma á viku sem samsvarar 65% stjórnunarhlutfalli.
Leikskólar 5 með allt að 118 börn og 16 tíma á viku sem samsvarar 40% stjórnunarhlutfalli aðstoðarleikskólastjóra. Lagt er til að leikskólar 5 fái aukningu upp í 30 tíma á viku sem samsvarar 75% stjórnunarhlutfalli.
Leikskólar 6 með allt að 150 börn og 20 tíma á viku sem samsvarar 50% stjórnunarhlutfalli aðstoðarleikskólastjóra. Lagt er til að leikskólar 6 fái aukningu upp í 34 tíma á viku sem samsvarar 85% stjórnunarhlutfalli.
Leikskólar í tveimur byggingum Fái 40 tíma á viku sem samsvarar 100% stjórnunarhlutfalli aðstoðarleikskólastjóra

Rökstuðningur:

- Aðstoðarleikskólastjóri vinnur ásamt leikskólastjóra að daglegri stjórnun leikskólans og ber ásamt honum ábyrgð á rekstrinum. Tryggja þarf að aðstoðarleikskólastjórar hafi nægt svigrúm til að koma að stjórnun, rekstri og starfsmannamálum og verði þannig vel undirbúnir að taka við stjórnun leikskólans ef þess þarf.
- Aðstoðarleikskólastjórar leiða gjarnan sértæk verkefni innan leikskóla. Verkefnum af þessum toga hefur fjölgað verulega síðustu ár, samanber innleiðingu Barnasáttmálans og heimsmarkmiða Sp, aukna áherslu á snemmtækan stuðning máls og læsis og móttöku og umsjón barna með annað móðurmál en íslensku. Verkefnin birtast m.a. í aðgerðaráætlun menntastefnu Kópavogs til 2030 og krefjast aukinnar eftirfylgni á næstu árum.
- Úttektir í öðrum sveitarfélögum og samtöl við stjórnendur í leikskólum Kópavogs sýna mikilvægi þess að efla og þróa móttökuáætlanir vegna þjálfunar nýs starfsfólks í leikskólum með fjölbreyttum aðferðum sem styðja við starfsfólk í stað þess að auka álag. Aukinn stuðningur við móttöku nýs starfsfólks, hvort heldur leiðbeinenda eða faglærðra, stuðlar að minna álagi, minni starfsmannaveltu og bætir um leið starfsumhverfi þeirra sem starfa í leikskólum.
- Núverandi stjórnunarhlutfall aðstoðarleikskólastjóra er minna en stjórnunarhlutfall deildarstjóra og sérkennslustjóra.

Áætlaður kostnaður:

- 45 m.kr. á ársgrundvelli

Þjálfun, velferð og vellíðan starfsfólks

Lagt er til að þróa heildstætt verklag og þjálfun fyrir leiðsagnarkennara innan leikskóla og koma á leiðsagnarkennslu fyrir starfsfólk leikskóla. Leiðsögn verði fylgt markvisst eftir og lærdómssamfélagi leiðsagnarkennara komið á miðlægt á menntasviði.

Lagt er til samhliða þróun leiðsagnarkennslu að Menntasvið Kópavogsbæjar, í samstarfi við Starfsmannafélag Kópavogs og stjórnendur í leikskólum, vinni sérstakar starfslýsingar fyrir leiðbeinendur í því skyni að jafna aðstöðumun varðandi kröfur sem gerðar eru til leiðbeinenda annars vegar og faglærðra starfsmanna hins vegar. Í dag starfa leiðbeinendur í leikskólum samkvæmt starfslýsingum leikskólakennara í kjarasamningi og óeðlilegt að gera sömu kröfur til þeirra.

Lagt er til að starfsfólk sem hefur íslensku sem annað tungumál fái tækifæri til að sækja fagtengt íslenskunám á vinnutíma (á starfsstöð eða nálægt eða í fjarnámi). Leitað verði eftir samstarfi við fullorðinsfræðslustofnun eða íslenskuþorpið í Háskóla Íslands.



Lagt er til að efla markvisst vellíðan starfsfólks í leikskólum. Verkefnið Velferð á Vinnustað verði eflt, bæði með auknum stuðningi við stjórnendur í leikskólum, og með því að bæta aðgengi starfsfólks að fjölbreyttum stuðningi og ráðgjöf ólíkra fagaðila. Verkefnið hefur þann tilgang að stuðla að bættri velferð og snemmtækum stuðningi við starfsfólk til að fyrirbyggja og draga úr fjarvistum vegna veikinda. Árangur aðgerða verði mældur reglubundið samanber árangursmælikvarða.

Lagt er til að allt starfsfólk leikskóla fái sundkort í sundlaugar Kópavogs frá og með 1. september 2023.

Lagt er til að starfsfólk leikskóla sem notar umhverfisvænan samgöngumáta (hjól, ganga, strætó, hlaupahjól) til að komast til og frá vinnu fái skattfrjálsan samgöngustyrk mánaðarlega.

Rökstuðningur:

- *Aukin þjálfun, s.s. nýliða, markviss leiðsögn og heilsuefling starfsfólks laðar að nýtt fólk til starfa og viðheldur þeim sem eru nú þegar í starfi og hefur þannig jákvæð áhrif á stöðugleika í starfsmannahaldi og stuðlar að góðu starfsumhverfi.*
- *Fullnægjandi þjálfun og símenntun starfsfólks stuðlar að öryggi og vellíðan í starfi*

Fjölgun leikskólarýma og samstarfsverkefni við grunnskóla um leikskóladeild fyrir 5 ára börn

Lagt er til að sett verði af stað samstarfsverkefni um leikskóladeild fyrir 5 ára börn í rými innan grunnskóla í Kópavogi. Markmið verkefnis er tvíþætt; annars vegar að fjölga leikskólarýmum, sérstaklega í hverfum þar sem erfitt er að koma yngstu börnum að í leikskóla, og hins vegar að styrkja samstarf og samfellu á milli leik- og grunnskóla í einstaka hverfi. Í dag er Álfhólsskóli eini grunnskólinn sem getur haft laust rými í húsnæði skólans til að bjóða upp á þessa þjónustu.

Verkefnið verði samstarfsverkefni Álfhólsskóla og leikskóla í hverfinu til að byrja með og gangi það vel mun forráðamönnum barna úr fleiri leikskólum bjóðast tækifæri til að sækja um að komast í þessa leikskóladeild. Kennarar verði leikskólakennaramenntaðir og starfið með börnum á forræði leikskólans. Námi í gegnum leik verði sömuleiðis í forgrunni en virku samstarfi verði komið á milli kennara á báðum skólastigum. Þróunarstarfið verði styrkt með því að nýta aðra aðstöðu í Álfhólsskóla, s.s. list- og verkgreinastofur.

Rökstuðningur:

- *Verkefnið stuðlar að aukinni samfellu og bættu samstarfi leikskóla og yngsta stigs grunnskóla ásamt góðri aðlögun elstu barna að grunnskólanum.*
- *Verkefnið stuðlar að auknu vali fyrir foreldra, fjölgun leikskólarýma fyrir elstu börn í leikskóla og bættri nýtingu húsnæðis.*

Bakvarðasveit leikskóla

Lagt er til að þróað verði verkefni sem miðar að því að byggja upp bakvarðasveit starfsfólks sem leysir af í leikskólum þar sem eru mikil veikindi eða aðrar tímabundnar aðstæður.

Leitað verður til starfsfólks sem hefur viðeigandi menntun og reynslu af starfi með börnum s.s. fyrrverandi starfsfólk leikskóla, leikskóla- eða grunnskólakennarar eða annað uppeldismenntað fólk, leiðbeinendur, námsmenn og aðrir sem hafa áhuga á að skuldbunda sig í tiltekinn tíma og er reiðubúinn að koma til starfa með skömmum fyrirvara, í fullt starf eða hlutastarf.



Við móttun þjónustu verði horft til bakvarðasveita heilbrigðis- og velferðarþjónustunnar sem voru endurvaktar í Covid-19 heimsfaraldri.

Rökstuðningur:

- *Vel útfærð bakvarðasveit leikskóla getur stuðlað að því að draga úr álagi í leikskólum vegna tímabundinna og ófyrirséðra veikinda eða annarra aðstæðna og fyrirbyggir þannig þjónustuskerðingu í leikskólum.*
- *Mjög erfitt er að manna afleysingar í leikskólum, s.s. vegna tilfallandi veikinda.*